



Samtakahópurinn, fjarfundur 2.september 2021 kl. 10.15

Mætt: Davíð Már Gunnarsson, Guðfinna Eðvarðsdóttir, Guðrún María Þorgeirsdóttir, Heiða Ingimundardóttir, Hildur Björg Vilhjálmsson, Kolbrún Skagfjörð Sigurðardóttir, Kristján Freyr Geirsson, María Guðmunda Pálsdóttir, Svava Ósk Stefánsdóttir, Elísabet Eckard, og Hafþór Birgisson sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundargerð

1. Kynning á sumarstarfi Fjörheima

Davíð Már Gunnarsson forstöðumaður Frístundamiðstöðvar Reykjanesbæjar kynnti starfsemina í Fjörheimum og 88 húsinu, sem er virkilega kröftug og allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Skapandi Smiðjur, sumarstarf Fjörheima og Vinnuskólans var kynnt en í sumar fengu tæplega 80 ungmenni sem skráð voru í Vinnuskólann tækifæri til þess að að starfa við skapandi störf í Listasmiðju og Viðburðasmiðju á vegum Fjörheima.

Myndband frá Fjörchella, sem var viðburður skipulagður og framkvæmdur af ungmennunum.

<https://www.youtube.com/watch?v=DAj37Hu6TAY>

Kynning á Skapandi Smiðjum:

https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fundargerdir/ithrotta_tomstundarad/2021/152/5.mal-kynning-skapandi-smidjur-fjorheima-2021.pdf

2. Forvarnardagur Samtakahópsins.

Íþrótt- og tómstundafulltrúi sagði frá fræðslu sem fór fram sl. sumar um hjálmanotkun og rafhlaupahjól og fleira fyrir nemendur í Vinnuskólanum. Dagurinn var unnin í

samstarfi við Vinnuskólann, Slysavarnardeildina Dagbjörgu, Erni bifhjólaklúbb og lögregluna á Suðurnesjum.

<https://www.facebook.com/fjorheimarfelagsmidstod/videos/1462604860758875>

<https://www.fjorheimar.is/post/slysavarnaf%C3%A9lagi%C3%B0-dagbj%C3%B6rg-gaf-hj%C3%B3labrettakl%C3%BAbbnum-sk8roots-34-hj%C3%B3labrettahj%C3%A1lma>

3. Tilkynningarhnappur fyrir börn

Hjörtur Magni Sigurðsson verkefnastjóri barnsvæns sveitarfélags kynnti nýjan tilkynningarhnapp sem er ætlaður til auðvelda börnum að ná sambandi við barnavernd ef þurfa þykir.

Tákn fyrir hnappinn er tilbúið og búið er að hafa samband við umsjónarmenn tölvumála í grunnskólum og þeir hvattir til að koma hnöppunum á spjaldtölvurnar sem fyrst. Í framhaldinu verður gert kynningarmyndband hvernig nota megi hnappinn.

4. heilsu og forvarnavika

Heilsu- og forvarnavika Suðurnesja verður haldin 4. – 10. október nk. stofnanir, fyrirtæki og einstaklingar eru hvattir til að bjóða upp á spennandi viðburði fyrir bæjarbúa. Hægt er að senda inn tilkynningu um efni á netfangið forvarnir@reykjanesbaer.is

5. Frístundir.is

Íþrótt- og tómstundafulltrúi sagði frá að unnið væri að öflun efnis um hvað verður í boði fyrir börn og ungmenni veturinn 2021 – 2022.

6. Skólaslit

Davíð Már Gunnarsson forstöðumaður sagði frá nýju verkefni sem miðar af því að auka lestrarupplifun og unnið í góðu samstarfi við Ævar Þór Benediktsson. Verkefni fer í loftið 1.október og frekari upplýsingar eru að finna á www.skolaslit.is



Fleira ekki gert og fundi slitið 11.15.

Heilsu- og forvarnavika Suðurnesja 4.- 10. október 2021



Einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir er hvött til virkrar þátttöku í heilsu- og forvarnavikunni. Hægt er að senda viðburði, tilkynningar og tilboð á netfangið forvarnir@reykjanesbaer.is fyrir 16. september n.k.

Samtakahópurinn